

Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um umhverfisáhrif Nesjavallavirkjunar.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig er afrennsli frá Nesjavallavirkjun háttað og í hve miklum mæli rennur vatn frá virkjuninni út í umhverfið?
2. Eru taldar líkur á tengslum milli afrennslis frá Nesjavallavirkjun og aukins magns kvika-silfurs í urriðanum í Þingvallavatni?
3. Hvernig er háttað vöktun á umhverfisáhrifum Nesjavallavirkjunar, þar á meðal hita- og efnamengun, og hyggja stjórnvöld á einhverjar aðgerðir til úrbóta?